

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. mars 2001.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

20. mars 2001

Nr. 245

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir fyrir allt veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar.

Veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar er Þorlákshöfn og þeir bæir sem aðveituæð hitaveitunnar fer um, svo og þeir hlutar Árnessýslu sem borgarstjórn Reykjavíkur og viðkomandi sveitarstjórnir semja um og ráðherra samþykkir.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hitaveita Þorlákshafnar, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Orkuveitu Reykjavíkur í umboði Reykjavíkurborgar og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn stjórnar veitustofnana Reykjavíkur og borgarstjórnar Reykjavíkur.

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fer með framkvæmdastjórn veitunnar í umboði stjórnar veitustofnana og borgarstjórnar. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur ræður hitaveitustjóra, sem sér um daglega starfsemi, en hitaveitustjóri ræður aðra starfsmenn eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Bókhald og fjárreiður

Orkuveita Reykjavíkur annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og sér um innheimtu hitaveitugjalda. Bókhaldi hitaveitunnar skal halda aðskildu frá bókhaldi annarra rekstrarþátta Orkuveitu Reykjavíkur.

Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum Orkuveitu Reykjavíkur ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðanda hennar.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veitusvæðinu eftir því sem hagkvæmt er og stjórn veitustofnana og borgarstjórn ákveða. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um jarðhitaréttindi og láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni til notanda.

Einnig skal hitaveitan reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg eru til nýtingar jarðhita.

5. gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld og heimæðagjald, samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá er stjórn veitustofnana og borgarstjórn

setja. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir rekstrarkostnaði og fjármagns-kostnaði hitaveitunnar. Orkuveitu Reykjavíkur, í umboði Reykjavíkurborgar, er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri hitaveitunnar, sbr. 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.

Kostnað við opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

6. gr.

Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveita Þorlákshafnar hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu, sbr. 1. gr. Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félög-um að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir stjórn hitaveitunnar.

7. gr.

Lagnir veitukerfis.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins: Aðveituæðar, stofnæðar, dreifi-æðar og götuæðar, svo og heimæðar og lagnir innanhúss að tengigrindum, ásamt grindunum sjálfum með tilheyrandi búnaði.

8. gr.

Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn við hita-veituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, t.d. í sumarhúsahverfum.

9. gr.

Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, dreifiæðum og heimæðum að tengigrindum. Tengingu hitunarkerfis húss við tengigrind skal húseigandi annast og kosta. Ef húseigandi æskir þess að tengigrind sé færð frá inntaksstað leggur hitaveitan til efni en hús-eigandi greiðir annan kostnað og sér um viðhald.

10. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá sem hitaveitan lætur í té er ætlaður til upphitunar húss og almennra heimilis-nota.

Óheimilt er að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á tengigrind sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

11. gr.

Ábyrgð hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra

atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

12. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og bera kostnað af að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins.

13. gr.

Tenging við hitaveituna.

Heimilt er að setja í tengiskilmála nánari ákvæði um lög्न heimæða og tengingu þeirra við húsveitur.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara, eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir tengigrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og tengigrind eru ekki í sama herbergi skal lög्न þar á milli vera óhul-in eða í stokki sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar. Heimilt er að setja það skilyrði fyrir tengingu sumarhúsa að tengigrind verði í sérstökum skáp utanhúss.

14. gr.

Eftirlit.

Hitaveitustjóri og/eða starfsmenn skulu taka út tengingu við veitukerfið áður en hitaveituvatnið er tekið inn á húskerfið og mega þeir einir breyta stillingu á þeim.

Starfsmenn hitaveitunnar skulu jafnan hafa frjálstan aðgang að pípulög्नum bæði innan húss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

15. gr.

Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis hússins, m.a. er hægt að krefjast þess að notaðir verði varmaskiptar.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lög्नum innanhúss sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar er vart verður bilunar á búnaði og tækjum og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

16. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda.

Öll gjöld vegna heits vatns, þ.m.t. heimæðargjald, samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi, skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 305, 26. apríl 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 246

13. mars 2001

REGLUGERÐ**um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.**

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila. Reglugerðin tekur ekki til starfsemi sem felst í útgáfu skýrslna um lánshæfi.

Reglugerðin á einvörðungu við um vinnslu í því skyni að miðla upplýsingum til annarra um fjárhagsmálefni og lánstraust. Ef ekki er stofnað til vinnslu í slíkum tilgangi fellur hún utan gildissviðs reglugerðarinnar. Það á t.d. við um vinnslu sérhvers banka og sérhvers sparisjóðs á slíkum upplýsingum sem einvörðungu er til eigin nota.

II. KAFLI

Skyldur ábyrgðaraðila.

2. gr.

Skyldur fjárhagsupplýsingastofa.

Söfnun og skráning upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra, er óheimil án starfsleyfis sem Persónuvernd veitir. Þeim einum má veita slíkt starfsleyfi sem að mati Persónuverndar er líklegur til að geta fullnægt skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. samkvæmt reglum sem Persónuvernd hefur sett um trúnað, áreiðanleika, öryggi og innra eftirlit við vinnslu persónuupplýsinga. Er handhafi slíks leyfis í reglum þessum nefndur fjárhagsupplýsingastofa.